

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

<b>INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN</b>	<b>1</b>
<b>FRÆDSLUFUNDIR FIE</b>	<b>1</b>
<b>GREIN ÁGÚSTS HRAFNKELSSONAR UM RÁÐSTEFNU NIRF</b>	<b>2</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR SKOÐANNAKONNUNAR FRÆDSLUNEFNDAR FIE</b>	<b>5</b>
<b>UMFJÖLLUN UM SÉRHFÆINGARPRÓF INNRI ENDURSKOÐUNAR</b>	<b>6</b>
<b>KYNNING Á FÉLAGSMANNI</b>	<b>9</b>
<b>PISTILL STJÓRNAR</b>	<b>10</b>

## INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN 2012

Innri endurskoðunardagurinn verður að þessu sinni haldinn föstudaginn 23. mars.

Ráðstefnustjóri verður Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri Landsvirkjunar og fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Á ráðstefnunni verður ný og endurbætt heimasíða Félags um innri endurskoðun formlega opnuð.

Nánari upplýsingar um fyrir-

lesara á ráðstefnunni verða birtar síðar.



## FAGLEGT EFNI Í FRÉTTABLAÐ FIE

Fræðslunefnd FIE biðlar til áhugasamra félagsmanna og hvetur þá til að skrifa greinar fyrir blaðið.

Nefndin vill jafnframt benda á að þeir sem lokið hafa faggildingu sem innri endurskoðundur fá slík greinaskrif metin til endurmenntunarpunkta (CPE).

## FRÆDSLUFUNDIR FIE

### ENDURSKOÐUNAR- NEFNDIR

Á fræðslufundi FIE í september var fjallað um endurskoðunarnefndir. Fyrst fjallaði Kristín Baldursdóttir forstöðumaður innri endurskoðunar hjá Landsbankanum um skipan, hlutverk og viðfangsefni endurskoðunarnefnda.

Að því loknu fjallaði Auðbjörg Friðgeirsdóttir hjá PwC um hvernig aukin skilvirkni endurskoðunarnefnda gæti hjálpað til við að endurbyggja traust í íslensku viðskiptaumhverfi.

### ERNST & YOUNG Í NOREGI

Á októberfundi FIE komu tveir fyrirlesarar frá Ernst & Young í Noregi. Kjetil Kristensen forstöðumaður ráðgjafarsviðs flutti erindi sem bar heitið *Unlocking the value of internal audit*. Sigurjón Geirsson, senior manager hjá Ernst & Young í Noregi fjallaði síðan um nýtt regluverk fyrir banka og tryggingarfélög og aukna áherslu á áhættustýringu og virkni stjórnskipulags.

### SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI

Á fræðslufundi FIE í janúar s.l. fjallaði Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari um sviksemisrannsóknir og vinnuaðferðir embættis sérstaks saksóknara við rannsóknir á sviksemi.

### GLÆRUR Á HEIMASÍÐU FIE

Á heimasíðu FIE má finna glærur frá flestum fyrirlesaranna.

## ÁGÚST HRAFNKELSSON: „JEG VAR INVITERT TIL JUBILEUMS KONFERANSEN 2011 – NIRFS 60-ÁRS JUBILEUMSKONFERANSE!“

Það var fallegur dagur þegar ég steig útúr lestinni („T-banen“) á Holmenkollen stöðinni í Osló laugardaginn 28. maí síðast liðinn. Leiðin með ferðatöskuna í eftirdragi hlaut að liggja uppávið – og brekkurnar á svæðinu virtust einstaklega brattar þar sem ég rogaðist með aukakílóin eftir malbikinu. Þar sem ég nálgast fræga Ólympíuskiðastökspallinn hætti ég mér í viðræður við leigubílstjóra sem beið óþolinmóður eftir næsta viðskiptavini og spurði til vegar að hótelinu. Og viti menn – leiðin lá enn upp á við. Ég hélt því áfram göngu minni en var rétt kominn af stað upp næstu brekku þegar bifreið kom aðvífandi og hliðarrúðu var rennt niður. „Trenger du skyss?“ spurði ljóshærð kona spossk á svipinn. Sveittur af göngunni reyndi ég að láta ekki bera á því hversu óvanur ég var því að vera pikkaður upp á götunni. Þarf ég koss? Nei, líklega hefur mér misheyrt. Hún er líklega að tala um far? Já takk – þótt það væri reyndar bara stuttur spölur eftir. Þegar búið var að troða töskunni inn í bíl og ég sestur inn kom hið sanna í ljós – hér var komin Ellen Brataas, framkvæmdastjóri Norges Interne Revisorers Forening. Og hún sá auðvitað um leið að enginn gæti verið svo vitlaus að dragnast upp Holmenkollen bullsveittur með ferðatösku í eftirdragi nema Íslendingurinn sem von var á með vorskippinu. Og þá laust skelfilegri hugsun niður í kollinn á mér – kannski eru innri endurskoðendur ekkert svo kynþokkafullir eftir allt saman?

### RÁÐSTEFNA MEÐ ÞEMA

Árlega heldur NIRF þriggja daga ráðstefnu en í þetta skiptið var hún með veglegra móti og haldin á Holmenkollen Park Hotel. Tilfnið var líka ekki af verri endanum en félagið fagnaði 60 ára afmæli sínu á síðasta ári. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Suksess i turbulente tider*, sem líklega útleggst á frummálinu *Velgengni á umhleyppingatímum*. 284 sóttu ráðstefnuna sem stóð í þrjú daga. Ráðstefnunni var skipt upp í eins konar þema-daga en alls fluttu 22 fyrirlesarar erindi. Á ráðstefnunni var Íslandsvinurinn Frank Alvern gerður að heiðursfélaga IIA í Noregi í viðurkenningarskyni fyrir áralangt framlag sitt til framþróunar félagsins og innri endurskoðunar sem faggreinar.

Ráðstefnan var sett um hádegis á sunnudag og þema þess dags var *stjórnskipulag*



### Ágúst Hrafnkelsson flytur erindi á ráðstefnu NIRF

og *sjálfbærni*. Þetta var á vissan hátt hápunktur ráðstefnunnar – að minnsta kosti frá mínu sjónarhorni – þar sem ég flutti Norðmönnum speki mína. Áður en kom að Arne Jon Isachsen að fjalla um hrúnið á Íslandi frá hagfræðilegum sjónarhóli og kenningum mínum um eirðarleysi íslenskra víkinga og bankahrúnið frá sjónarhóli innri endurskoðunar steig á stökk gamalreyndur áhugamaður um stjórnarhætti, prófessor Mervyn King.

Mánudagsþemað var verk-

*efni stjórnenda í storma-sömu umhverfi*, en þar stigu auk Mervyn King á stökk fulltrúar einkageirans og hins opinbera í Noregi og ræddu þessi mál frá ýmsum sjónarhornum. Á þriðjudegi var svo gert út á *eftirlitsumhverfi fyrirtækja*. Á þeim degi töluðu fulltrúar mismunandi eftirlitseininga, bæði í opinbera og einkageiranum. Auk þess ræddi Andrew Dahle, formaður staðlaráðs IIA, um hin mismunandi stig eftirlits, hlutverk einstakra aðila í því, ábyrgð og samhæfingu, auk þess að ræða um framsetningu heildarálits innri

“Og þá laust skelfilegri hugsun niður í kollinn á mér – kannski eru innri endurskoðendur ekkert svo kynþokkafullir eftir allt saman?”

Yfirskrift 60 ára afmælis-ráðstefnu NIRF var *Suksess i turbulente tider*

## FRAMHALD ÁGÚST HRAFNKELSSON

### NORGES INTERNE REVISORERS FORENING

Norges Interne Revisorerers Forening (NIRF) er systurfélag Félags um innri endurskoðun í Noregi – sem einnig er þekkt sem IIA Norway. Um 760 félagsmenn eru í félaginu og er það stærsta aðildarfélag IIA á Norðurlöndum.

Félagið kynnir sig sem félag fyrir alla sem starfa við eða hafa áhuga á innri endurskoðun, stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirliti. Til að leggja frekari áherslu á breiddina í áherslum var ákveðið að breyta nafni tímarits félagsins úr *Inter-revisoren* í *SIRK*, sem er stytting úr *Styring, Internrevisjon, Risiko og Kontroll*.



Ph.D Mervyn King, formaður suður-afrísku King-nefndarinnar

endurskoðunar á virkni eftirlitsumhverfisins. Megininntak þess erindis var að þótt núgildandi staðlar geri ekki kröfu um framsetningu slíkra heildarálita, þá innihalda þeir ákveðin skilyrði sem fara eigi eftir ef slíkt álit er veitt.

#### SJÁLFBÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

Ph.D Mervyn King, formaður suður-afrísku King-nefndarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja og stýri-nefndar Sameinuðu þjóðanna um stjórnarhætti lagði í erindi sínu áherslu á að góðir stjórnarhættir væru ekki einvörðungu bundnir við fyrirtæki, heldur ættu þeir í raun við allar skipulagseiningar. Líkja mætti lögpersónu við ungabarn, sem treysta verður

á að aðrir hafi vit fyrir því og gæti hagsmuna þess í hvívetna. Afdrif fyrirtækis geta haft áhrif á marga, jafnvel þúsundir manna. Þau fyrirtæki sem ætla sér að skila árangri til framtíðar verða að hafa yfir að ráða samþættri stefnu til að ná fjárhagslegum árangri og skapa viðvarandi virðisauka fyrir sjálft sig, hagsmunaaðila og þjóðfélagið.

Mervyn benti á að góðir stjórnarhættir, stefnumótun og sjálfbærni séu orðin óaðskiljanlegir þættir og stöðugt fleiri fyrirtæki leggi áherslu á sjálfbærni í sinni starfsemi og skýrslugjöf. Sem dæmi um slíkt má nefna ábyrgar fjárfestingar, rekjanleika aðfanga og samþætta

skýrslugjöf. Með samþættri skýrslugjöf er átt við aukna samþættingu fjárhagslegra og ófjárhagslegra upplýsinga, sem auk þess að gefa fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækis tekur á sjálfbærni til framtíðar<sup>1</sup>. Þrátt fyrir að útkoma fjárhagslegra og ófjárhagslegra mælinga sé vissulega mikilvæg hvort í sínu lagi, þá er samhengið á milli þessara þátta ekki síður mikilvægt.

Náttúran sér okkur fyrir ýmsum auðlindum, svo sem fæðu, trefjum, hreinu vatni, heilbrigðum jarðvegi, kolfnisupptöku og ýmsu fleiru. Þrátt fyrir að vellíðan mannkyns sé algjörlega bundin við áframhaldandi framboð slíkra auðlinda, þá er fyrst og fremst um að ræða almenningsgæði sem eru aðeins að litlu leyti verðlögð þannig að þau komi fram í reikningsskilum þeirra fyrirtækja sem nýta þau. Lífræðileg fjölbreytni fer stöðugt minnkandi, vistkerfum hrakar og við verðum fyrir afleiðingunum. Þannig þarf að vera ljóst hvernig ófjárhagslegir þættir skili sér í bættum fjárhagslegum árangri og öfugt<sup>2</sup>. Upplýsingar um sjálfbærni

<sup>1</sup> Hér er áhersla lögð á samþættingu þessara þátta.

<sup>2</sup> Fyrir áhugasama má benda á bókina *One Report: Integrated Reporting for a Sustainable Strategy* eftir Robert G. Eccles and Michael P. Krzus (John Wiley & Sons, Inc., New York 2010).

## FRAMHALD ÁGÚST HRAFNKELSSON



Arne Jon Isachsen fjallaði um hrúnið á Íslandi frá hagfræðilegum sjóanarhóli

ná til atriða er varða efnahagsleg áhrif, jákvæð og neikvæð, ekki bara á starfsemi fyrirtækisins heldur á nærsamfélagið og þjóðfélagið í heild. Inn í þá mynd koma jafnframt þættir eins og áhrif á vistkerfi, landgæði, andrúmsloft og vatn, mannaauðsmál og mannréttindi af ýmsum toga.

Tilgangur samþættrar skýrslugjafar er meðal annars að mæta vanköntum á hefðbundnari skýrslugjöf fyrirtækja. Mervyn segir að slík skýrsla eigi að vera megin skýrslan um starfsemi fyrirtækisins, en tengja megí ítarefni við hana, svo sem ársreikninga, sjálfbærni-skýrslur, upplýsingar um stjórnarhætti o.s.frv. Ítarefnið kann að vera nauðsynlegt til að veita ákveðnum notendahópum upplýsingar til dýpri greiningar á fyrirtækinu, samanburðar á milli aðila og til að uppfylla lagalegar kröfur. Skýrslan þarf að vera aðgengileg fyrir haghafa, svo sem á heimasíðu fyrirtækisins.

Samþætt skýrsla er ekki bara útdráttur úr hefðbundinni ársskýrslu eða samsuða ársreikninga og græns bókhalds. Slík nálgun felur í sér hættu á því að gögn séu sett fram á þann veg að þau gefi haghöfum ekki færi á því að öðlast heildstæðan skilning á lífvænleika fyrirtækisins til lengri tíma liðið og hæfni þess til að skapa og viðhalda virði sínu. Skýrslan þarf að vera sett fram á skýru og skiljanlegu máli til að hafa gildi fyrir haghafa. Draga má megininntak fyrirlestrar Mervyns saman með orðum hans sjálfs:

*“Segðu haghöfum hvað þú gerir, gerðu það sem þú segir þeim og upplýstu um það í aðalskýrslu fyrirtækisins”.<sup>3</sup>*

### SJÁLFBÆRNI OG CBOK

Það er fróðlegt að skoða áherslur Mervyns í samhengi við niðurstöður könnunar á framkvæmd innri endurskoðunar á heimsvísu á síðasta ári<sup>4</sup>. Í könnuninni var

meðal annars spurt hvaða megináherslur svarendur sæju fyrir sér í störfum innri endurskoðunardeilda að fimm árum liðnum. Þau atriði sem flestir nefndu voru:

1. Stjórnarhættir
2. Áhættustýringarferli
3. Mat á frammistöðu með tilliti til markaðrar stefnu
4. Siðferði
5. Samfélagsleg ábyrgð

Af upptalningunni má sjá að veruleg samsvörun er í þeim megináherslum sem svarendur könnunarinnar sáu fyrir sér og þeim atriðum sem Mervyn lagði áherslu á í sinni yfirferð. Samfélagslegri ábyrgð, sem varð í fimmta sæti í könnuninni, má jafna við sjálfbærni. Siðferði og áhættustýringarferli geta líka talist tengjast þeirri umræðu, a.m.k. að hluta til. Stjórnarhættir og mat á frammistöðu með tilliti til markaðrar stefnu eru liðir sem tengjast einnig beint umfjölluninni hér að ofan.

### GLASAPRÓFANIR OG GALA-KVÖLD

Í tengslum við ráðstefnuna bauðst þátttakendum tækifæri til að taka þátt í glasaþrófunum. Þær eru nokkurs konar útgáfa af vínsmökkun en byggjast á því að smakka sama vínið úr mismunandi glösum. Eftir viðamikla fyrirlestra frá fulltrúa framleiðanda glasanna trúði maður því að ekki væri farandi í útilegu nema með rétta kristalinn í farteskinu og að nauðsynlegt væri að eignast

<sup>3</sup> „Tell stakeholders what you do, do what you tell them and put it in your primary report.“ Mervyn King.

Áhugasamir geta kynnt sér efnið nánar á heimasíðu Global Reporting Initiative <http://www.globalreporting.org/>.

<sup>4</sup> Common Body of Knowledge 2010 („CBOK“). Könnun framkvæmd af The IIA Research Foundation (IIARF).



## FRAMHALD ÁGÚST HRAFNKELSSON



Andrew Dahle, formaður staðlaráðs IIA

um 120 mismunandi glasetgundir (sem allar eru fáanlegar frá sama framleiðanda og engin þeirra ódýr!). Áhugavert og sannarlega annars konar uppákoma en maður er vanur á svona ráðstefnum. Besta ábending kvöldsins var að það er gjörsamlega þýðingarlaust að kaupa sér dýra vínflösku á veitingastað, sem hvort eð er eyðileggur upplifunina með því að leggja á borð staðlað glerglas - sem

hvorki heldur rétt utanum eiminn af víninu þegar lyktað er eða rennir víninu á réttan stað á tungunni í þröngri eða víðri bunu eftir eðli vínsins. Eftir að hafa reiknað út hvað 12 manna sett í 120 mismunandi útgáfum gæti mögulega kostað í innkaupum og breyttum innréttungum ákvað ég að skárrí kostur væri líklega að hætta alfarið að smakka vín.

Á mánudagskvöldið var svo hátíðarkvöldverður í tilefni 60 ára afmælis félagsins. Um veislustjórn sáu tveir norskir háðfluglar, Bye & Rønning, og skemmtu gestir sér konunglega yfir uppátækjum þeirra. Maturinn var frábær og upplifunin því hin skemmtilegasta. Þó var enn verið að rifja upp þegar fulltrúi Íslands mætti í hátíðarkvöldverð í Kristiansand árið 2006 íklæddur gallabuxum, bol og Catepillar vinnuskóm. Hokinn af reynslu var greinarhöfundur nú íklæddur jakkafötum í fluginu, svona til að gæta lágmarksöryggis ef farangur rataði ekki á leiðarenda – enda alþekkt að verslanir eru með styttri opnunartíma í Noregi en á Íslandi.

Þó var enn verið að rifja upp þegar fulltrúi Íslands mætti í hátíðarkvöldverð í Kristiansand árið 2006 íklæddur gallabuxum, bol og Catepillar vinnuskóm.

## NIÐURSTÖÐUR SKOÐANAKÖNNUNAR FRÆÐSLUNEFNDAR MEÐAL FÉLAGSMANNA 2011

Síðastliðið haust stóð fræðslunefnd FIE fyrir skoðanakönnun meðal félagsmanna FIE í þeim tilgangi að leita eftir ábendingum frá félagsmönnum varðandi áherslur í fræðslustarfi og fréttabréfi félagsins. Alls tóku 33 félagsmenn þátt í könnuninni. Varðandi áherslur í fræðslustarfi FIE vildu flestir að boðið yrði upp á námskeið í áhættustjórnun og áhættumati eða 56%. Um 53% svara vildu að boðið yrði upp

á námskeið í alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun (IPPF) og 50% vildu námskeið um bestu vinnuhætti í innri endurskoðun (e. Best Practice Advisories).

Varðandi efni í fréttabréf FIE vildu flestir eða tæplega 80% svara að í blaðinu væri fræðsluefni og greinar sem tengdust innri endurskoðun. Rúmlega 62% vildu að í blaðinu væru reynslusögur úr störfum innri endurskoðenda. Þá vildu rúmlega

58% svara að í blaðinu væru viðtöl við fræðimenn á sviði innri endurskoðunar og fréttir og ýmsar upplýsingar úr starfi félagsins og IIA.

Í könnuninni var einnig spurt um hug fólks til faggildingar. Alls höfðu 20% svara þegar hlotið faggildingu en 10% svara stefna að faggildingu innan árs og rúmlega 13% innan tveggja ára.

Flestir vildu að boðið yrði upp á námskeið í áhættustjórnun og áhættumati eða 56%

## SÉRHÆFINGARPRÓF INNRI ENDURSKOÐENDA

Á síðasta ári þreyttu tveir meðlimir FIE, þau Guðjón Viðar Valdimarsson og Sigríður Guðmundsdóttir tvö af þeim sérhæfingarprófum sem faggiltum innri endurskoðendum (e. CIA) býðst að taka. Við fengum þau til að segja okkur aðeins frá þessum prófum um leið og við óskum þeim til hamingju með áfangann.



## CERTIFIED FINANCIAL SERVICES AUDITOR

Certified Financial Services Auditor (CFSA) er eitt af þeim sérhæfingarprófum sem faggiltir innri endurskoðendur geta tekið til að bæta við þekkingu sína á tilteknum sviðum. Þessi sérhæfingarpróf eru alls þrjú en hin tvö eru Certification in Control Self-Assessment (CCSA) og Certified Government Auditing Professional (CGAP). Auk þess er IIA með nýtt sérhæfingarpróf í þróun sem hægt verður að taka árið 2013. Þetta próf heitir Certification in Risk Management Assurance (CRMA).

CFSA prófið er að mati undirritaðs, tvímælalaust mjög vel til þess fallið að auka við þekkingu á sviði innri endurskoðunar á sviði fjármálaþjónustu. Þar sem slíkt svið telst nokkuð yfirgripsmikið þá er ætlast til þess að próftaki velji og skrái sig á tiltekið svið innri endurskoðunar fjármálaþjónustu. Þannig er hægt að skrá sig til prófs á þremur sviðum, bankastarfsemi (e. banking),

tryggingastarfsemi (e. insurance) og verðbréfaumsýsla (e. securities).

### MEGINÞÆTTIR CFSA PRÓFSINS

Prófinu er skipt í fjóra almenna þætti og einn sérhæfðan þátt. Þessir fjórir þættir ásamt undirköflum hvers þáttar eru eftirfarandi.

### ÞÁTTUR I: ENDURSKOÐUN FJÁRMÁLA-STARFSEMI:

- Staðlar og vinnureglur
- Áhættugreining og innra eftirlit
- Ferli endurskoðunar
- Upplýsingatækni
- Endurskoðun ársreikninga

### ÞÁTTUR II: ENDURSKOÐUN FJÁRMÁLAGERNINGA:

Í þessum þætti er spurt um þekkingu próftaka á fjármálavörum og endurskoðun þeirra en það eru til dæmis útlán, innlán, eignastýring, afleiður, rafræn viðskipti, fjárstýring, skuldabréf og verðbréfasjóðir svo fátt eitt

sé talið.

### ÞÁTTUR III: ENDURSKOÐUN FJÁRMÁLA-FERLA:

- Áhættustýring
- Ábyrgðir
- Verðbréf
- Fjárstýring
- Bakvinnsla
- Markaðs og sölustarfsemi
- Kröfur
- Fjárfestingar
- Miðlarastarfsemi
- Áhættumat lána og lántakenda
- Fyrirtækjakaup og sameining fyrirtækja
- Útlánastarfsemi

### ÞÁTTUR IV: REGLUMHVERFI:

- Yfirlit yfir reglumhverfi
- Lög og reglur
- Verðbréfamarkaðir og kauphallir
- Peningar og bankar

### PRÓFIÐ

Prófið sjálft samanstendur af 125 krossaspurningum

Greinarhöfundur

Guðjón Viðar Valdimarsson  
CIA, CISA og CFSA



Prófið skiptist í fjóra almenna þætti og einn sérhæfðan

## FRAMHALD— SÉRHÆFINGARPRÓF INNRI ENDURSKOÐENDA

og er heildarpróftími 3 klukkustundir og 15 mínútur. Hver spurning er með 4 valkostum og eins og venjulega á prófum frá IIA er lagt mikið upp úr því að próftakendur lesi spurningarnar rétt. Oft eru valkostirnir mjög svipaðir að uppbyggingu og varla hægt að ítreka nóg-samlega fyrir próftaka að lesa spurningarnar vandlega.

Próftaki hefur því rétt innan við 2 mínútur til að svara hverri spurningu. Það er því algjört lykilatriði að halda sig við þann tíma til að eiga möguleika á að ná prófinu. Hægt er að merkja spurningu og geyma hana þar til í lokin ef próftaki er ekki viss í fyrstu umferð.

### UNDIRBÚNINGUR

Ég valdi að kaupa mér allt námsefni á netinu bæði lestrarefnið og próf (test) gagnagrunn með spurn-

ingum svipuðum þeim sem koma á prófinu. Það var reyndar frekar lítið um nákvæmlega sama efni en flestir virðast einungis selja lesefnið. Það efni sem ég fann var hjá Financert.com og það kostaði einungis 99\$. Reyndar var einn galli við það því ekki var með auðveldum hætti hægt að einangra sérhæfingarþáttinn út úr þeim spurningum sem prófkerfið valdi fyrir mig. Það hafði samt framvindumælingu en ég hef þá reglu að ná fyrst 80% réttu úr test-spurningunum áður en ég skrái mig í próf.

Varðandi skráningu þá þarf fyrst að sækja um að fá að taka prófið hjá IIA. Til þess þarf viðkomandi að hafa lokið CIA prófi en til að fá CFSA prófið skráð þá þarf að auki að leggja fram vottorð um menntun, starfsreynslu (lágmark 2 ár innan fjármálaþjónustu) auk vottorðs

um meðmæli (e. character reference).

Þegar IIA hefur samþykkt umsókn um próftöku þarf að skrá sig í prófið sjálft en það er gert hjá PersonVUE sem er sami aðili og sér almennt um próftökupjónustu fyrir IIA. PersonVUE er svo með samning við Tölvu- og verkfræðiþjónustuna á Grensásvegi 16 og þar er prófið tekið. Þar er hægt að velja heppilegan próftíma sem reyndar er svo hægt að breyta ef ekki hefur reynst nægur tími til undirbúnings.

CFSA prófið vegur þungt í alþjóðlegum samskiptum og leiðir manni fyrir sjónir endurskoðunarferli og vörur sem maður hefði líklega ekki kynnst með öðru móti því margar af þessum fjármálatengdu vörum eru hreinlega ekki markaðsettar hér á landi.

## CERTIFICATION IN CONTROL SELF ASSESSMENT

Í mars á síðasta ári lét ég verða af því að taka CCSA prófið sem ég hafði haft augastað á í nokkun tíma. Ástæða þess að þetta próf vakti áhuga minn var fyrst og fremst sú að ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna hjá fyrirtæki sem var skráð á markað í Bandaríkjunum og þurfti að uppfylla kröfur parlendra laga og reglna, þar með talið Sarbanes Oxley Act (SOX) löggjöfina. Það er nú sennilega ekki oft sem fólk sér orðið „gæfa“ og „SOX“ í sömu

setningu þar sem löggjöfin hefur það orð á sér að vera yfirþyrmandi og oft á tíðum erfið að vinna eftir, en hugsunin á bak við SOX náði engu að síður að heilla mig að vissu leyti.

Fyrirtækið sem ég vann hjá er Alcoa Fjarðarál á Reyðarfirði og þar sat ég hinum megin við borðið ef svo má að orði komast, þ.e. í fjármálateyminu en ekki í endurskoðuninni. Félagið er stórt og alþjóðlegt og gerir móðurfélagið gríðarlega

miklar kröfur um innra eftirlit og virkni þess sem fylgt er eftir með annars vegar öflugri innri endurskoðunardeild sem fer landa á milli og gerir úttektir og hins vegar í gegnum SOX úttektir sem framkvæmdar eru af ytri endurskoðendum reglulega. Þetta er hvoru tveggja gert til viðbótar við hefðbundna endurskoðun samkvæmt lögum.

Til að gera langa sögu stutta þá kynntist ég þarna umhverfi þar sem það er

125

krossaspurningar

Heildarpróftími 3 klukkustundir og 15 mínútu

„ég hef þá reglu að ná fyrst 80% réttu úr test-spurningunum áður en ég skrái mig í próf“

Greinarhöfundur

Sigríður Guðmundsdóttir  
CIA og CCSA



## FRAMHALD— SÉRHFINGARPRÓF INNRI ENDURSKOÐENDA

deginum ljósara að stjórn-endur bera ábyrgð á því að þekkja ferlana sína, hafa innbyggð og sýnilegt innra eftirlit og prófa það með reglulegum hætti. Þetta er nákvæmlega sami kjarninn og er að finna í hugsuninni að baki CCSA gráðunni.

CCSA prófið fannst mér fyrst og fremst leggja áherslu á tvennt. Annars vegar að framkvæma áhættumat og hlutverk stjórnenda í að þekkja áhættur og stýra þeim og hins vegar að koma fram sem hlutlaus leiðbeinandi (e. facilitator) við framkvæmd slíks sjálfsmats með þá þekkingu, tól og tæki sem hjálpleg eru til að gera slíka vinnu skilvirka og árangursríka.

Í dag starfa ég sem innri endurskoðandi Marels og er hluti af mínu starfi að heim-sækja starfseiningar félagsins sem eru fjölmargar út um allan heim. Í störfum mínum nota ég mikið þá tækni sem býr að baki sjálfsmati stjórnenda við mat á virkni innra eftirlits, því með því að horfa á hlutina út frá þeirra sjónarhorni er ég fljótari að læra og skilja hvernig málum er háttað og aðstoða þá við að greina mögulega veikleika og finna úrbætur. Það er ekki svo að það sé til eitt sett af eftirlits-umhverfi sem hentar öllum og er hinn eini rétti sann-leikur heldur er svo ótal

margt í umhverfi, bæði menningarlegu og lagalegu, sem endurspeglar þarfir hvers og eins. Það er ekki nokkur spurning að CCSA prófið er gríðarlega góður grunnur að því að nálgast hlutina með þeim hætti og get ég hiklaust mælt með því við alla að kynna sér þessi fræði til að efla sig í starfi.

**PRÓFIÐ**

Prófið sjálft er hefðbundið þegar það kemur að IIA prófum, þ.e. 125 spurninga krossapróf sem er tekið á tölvu. Þegar ég lauk CIA gráðunni þá voru prófin enn tekin á pappír og einungis mögulegt að taka þau tvisvar á ári. Því finnst mér það óneitanlega mikill lúxus að geta valið sér prófdag og tíma líkt og tölvuprófin bjóða upp á auk þess að fá bráða-birgða niðurstöðu strax í stað þess að þurfa að bíða í margar vikur eftir svári.

Prófinu er skipt upp í sex hluta:

**HLUTI I:**

Undirstöðuatriði CSA (e. CSA fundamentals)

**HLUTI II:**

Innleiðing CSA verkefna (e. CSA Program Integration)

**HLUTI III:**

Liðir CSA ferilsins (e. Elements of the CSA process)

**HLUTI IV:**

Viðskiptamarkmið / framis-framistaða (e. Business objectives/ Organizational Performance)

**HLUTI V:**

Áhættugreining og mat (e. Risk identification and A-Assessment)

**HLUTI VI:**

Eftirlitskenningar og framkvæmd (e. Control Theory and Application)

**UNDIRBÚNINGUR**

Til undirbúnings er einkum tvennt sem ég mæli með, það er að þekkja þá hugsun sem býr að baki COSO þar sem áherslan er fyrst og fremst á stóru myndina af eftirlitsumhverfinu og svo að kynna sér þær áherslur og þá aðferðafræði sem SOX gengur út á. Til þess að ljúka CCSA gráðunni þarf að hafa lokið háskólanámi, leggja fram meðmæli, hafa starfs-reynslu á sviði áhættustýringar eða endurskoðunar og að lokum að hafa lokið þjálfun eða hlotið reynslu við að leiðbeina við gerð á sjálfsmati (e. facilitation experience/training). Fyrir þá sem hafa lokið CIA gráðunni þá er það próf ásamt þjálfun eða reynslu við að leiðbeina við gerð sjálfsmats fullnægjandi til að ljúka við gráðuna.

„Í störfum mínum nota ég mikið þá tækni sem býr að baki sjálfsmati stjórnenda við mat á virkni innra eftirlits“

125  
krossaspurningar

Prófið skiptist í  
sex hluta



**KYNNING Á FÉLAGSMANNI:****ANNA MARGRÉT JÓHANNESDÓTTIR FORMAÐUR FIE**

Að þessu sinni kynnum við formann stjórnar FIE, Önnu Margréti Jóhannesdóttur.

Anna Margrét hefur starfað innan félagsins um nokkurra ára skeið. Frá 2007 sat hún í fræðslunefnd og vorið 2008 var hún kjörin í stjórn félagsins, fyrst sem meðstjórnandi en tók síðan við formennsku vorið 2011. Anna hefur mikinn áhuga á að stuðla að framgangi innri endurskoðunar sem faggreinar. Í þeim tilgangi hefur hún haldið erindi á vegum félagsins og námskeið um innri endurskoðun og innra eftirlit hjá Opna Háskólanum í samstarfi við Nönnu Aradóttur, fyrrverandi formann FIE.

Bakgrunnur Önnu er í stjórn-sýslufræðum en hún lauk BA-prófi í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands 1990 og MPA-prófi í stjórnsýslufræðum frá Pennsylvania State University 1993. Anna starfaði um tíma í heilbrigðisráðuneytinu, síðan hjá Iðntæknistofnun og svo sem stjórnendaráðgjafi. Árið 2004 réðst hún til starfa hjá Innri endurskoðunardeild Reykjavíkurborgar. Vorið 2007 hlaut Anna faggildingu í innri endurskoðun, CIA. Innri endurskoðunardeild Reykjavíkurborgar hefur þá sérstöðu að vera eina starfandi innri endurskoðunardeildin á sveitarstjórnarstiginu. Anna hefur tekið þátt í að byggja upp störf deildarinnar en vinnulag deildarinnar tekur mið af alþjóðlegum stöðlum IIA. Anna þekkir af eigin reynslu hve vel alþjóðastaðlasett IIA nýtist í daglegum störfum.

Anna segir að það hafi verið

ánægjulegt að fylgjast með þróun faggreinarinnar undanfarin ár. Sagan segi okkur að innri endurskoðun fái ætíð meira vægi í tengslum við áföll í efnahagslífinu, eins og fall bankanna haustið 2008 en við greiningu á orsökum slíkra atburða má meðal annars finna brotalamir í eftirliti og upplýsingagjöf. Í dag er meðbyr með faggreininni þar sem viðurkennd er þörf um styrkt eftirlit. Birtist það meðal annars í að við endurskoðun laga á Alþingi er gerð ríkari krafa um bætt eftirlit og góða stjórnarhætti. Á það bæði við um endurskoðun á löggjöf fyrir hina opinberu stjórnsýslu og fyrirtæki á markaði.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað áherslubreyting í innri endurskoðun þar sem krafa er gerð um að skoða ekki eingöngu afmarkaða þætti innra eftirlits heldur einnig fyrirkomulag áhættustýringar og stjórnarháttanna innan viðkomandi starfseininga. Sá þáttur er snýr að áhættustýringu og stjórnarháttum er sérstakt áhugasvið Önnu og reynir hún að lesa sem mest af öllu því góða efni sem gefið hefur verið út á síðustu árum á því sviði.

Anna segir að það sé mjög ánægjulegt að starfa með félaginu þar sem einstaklingar úr ólíkum atvinnugreinum ná saman og deila reynslu sinni og þekkingu. Framundan hjá félaginu eru mörg verkefni. Síðastliðið haust var boðað til stefnumótunarfundar með stjórn og fulltrúum sem eiga sæti í nefndum félagsins.

Farið var yfir stefnu og stefnumótunavinnu félagsins sem unnin var 2008. Þessi fundur var gagnlegur og kom þar fram mikill efniviður til að vinna með áfram og verður því úrvinnsla þessa fundar og mótun á nýrri og uppfærði stefnu félagsins eitt af verkefnum stjórnar á næstunni.

Áhugamál Önnu eru margvísleg. Hún er í kór og hefur gaman af því að syngja í góðum hópi fólks og nefnir að það sé mikil upplifun að taka þátt í að flytja stór verk eins og t.d. Messías eftir Händel sem kórinn flutti um árið. Á síðustu jólatónleikum kórsins var síðan flutt skemmtilegt en krefjandi verk, Magnificat eftir Bach. Einnig finnst henni gaman að fara á tónleika þó svo að hún hafi ekki getað stundað þá eins mikið og hún vildi; „Nokkrir vinir og kunningjar eru í tónlist og tónleikar á þeirra vegum njóta forgangs hjá mér“.

Anna á tvö börn, 11 ára strák og 16 ára stelpu og talsverður tími fer í að sinna áhugamálum barnanna en þau stunda bæði íþróttir og tónlist af miklum krafti. „Við foreldrarir sem mætum á íþróttamótin um helgar yfir veturinn; segjum stundum að það sé búið að færa gamla góða sunnudagskaffið yfir í íþróttahúsin. Á sumrin nýt ég þess hins vegar að vera úti í garði eða öllu heldur að vera á sólpallinum og er þá sérstaklega gaman þegar fjölskyldan eða vinirnir líta við. En eins og allir vita þá er alltaf besta veðrið í Fossvoginum“.

**Maki:**

Högni Hróarsson,  
verkfræðingur

**Börn:**

Sara 16 ára og  
Eysteinn 11 ára

**Menntun:**

BA próf í  
stjórn málafræði frá  
HÍ 1990  
MPA próf í  
stjórnsýslufræðum  
frá Pennsylvania  
State University 1993  
CIA árið 2007

Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

Hrefna Gunnarsdóttir, formaður

Björn Snær Atlason

Guðjón V. Valdimarsson,

Ingunn Þórðardóttir,

Pórir Haraldsson

## PISTILL STJÓRNAR

Kæru félagar,

Með þessum stutta pistli viljum við kynna störf okkar í stjórn félags um innri endurskoðun.

Stjórnin fundaði reglulega á síðasta ári. Verkefni stjórnar eru ærin og fundir voru því tíðir nú á haustmánuðum og í upphafi árs. Þá hefur stjórnin verið í góðu sambandi við undirnefndir stjórnar, sér í lagi hina öflugu fræðslunefnd félagsins sem stendur sig með miklum sóma. Þar hefur ný heimasíða fengið mikla umfjöllun enda um afar mikilvægt verkfæri að ræða sem mun skipta sköpum fyrir skipulag innra starfs félagsins og kemur til með að efla allt kynningarstarf um félagið. Stefnt er að því að hún líti dagsins ljós í mars nk.

Erindi barst félaginu á vor- mánuðum frá Fjármálaeftirlit- inu þar sem farið var þess á leit við félagið að það gæfi umsögn um efni umræðu- skjals nr. 3/2011 um leið- beinandi tilmæli um áhættu-

stýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Stjórnin naut liðsinnis Ágústs Hrafnkels- sonar og Nönnu Harðar- dóttur við vinnslu um- sagnarinnar og er þeim vel þakkað. Framangreind leið- beinandi tilmæli voru gefin út í desember sl. og tóku þau gildi 1. janúar 2012. Óbreytt kalla tilmælin á auknar kröfur til lífeyris- sjóða á sviði áhættustýr- ingar auk þess sem innri endurskoðun er ætlað aukið hlutverk við vöktun á virkni áhættustýringar sjóðanna með sérstökum úttektum. Í upphafi þessa árs skilaði stjórnin umsögn um nýupp- færðar reglur nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða og má ætla að sú uppfærsla líti dagsins ljós á næstu vikum.

Alþjóðasamtök innri endur- skoðenda eru 70 ára um þessar mundir. Því þótti vel við hæfi að félagið tæki upp þráðinn frá 2008 og færi í stefnumótandi vinnu. Stjórn ásamt nefndarmönnum

**Félag um innri endurskoðun** er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnu- brögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglegra umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - ([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og nor- rænu samstarfi á sínu sviði.

## FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI (PROGRESS THROUGH SHARING)

### Stjórn FIE:



formaður:  
Anna Margrét  
Jóhannsdóttir



varaformaður:  
Albert Ólafsson



gjaldkeri:  
Páll Ólafson



ritari:  
Sif Einarsdóttir



meðstjórnandi:  
Auðbjörg  
Friðgeirsdóttir

undirnefnda stjórnar kom saman einn eftirmiðdag í byrjun september á síðasta ári í því skyni að skoða hvar við erum og hvert við viljum fara. Margar góðar tillögur komu fram og frekari vinna hefur farið fram af hendi stjórnar og liggja nú fyrir fyrstu drög að uppfærðri stefnu sem kynnt verður á nýrri heimasíðu félagsins.

Að svo sögðu viljum við þakka félögum okkar fyrir þátttöku á viðburðum á vegum félagsins og fyrir athugasemdir og ábendingar sem okkur hafa borist. Viljum við hvetja féлага okkar til að senda okkur póst á [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is) með hver þau málefni sem þeim búa í brjósti hverju sinni og eft geta störf okkar ágæta félags.

Með góðum kveðjum,

Stjórn FIE